

Karlar eru hið veika kyn – pistill 08-01-2017

Athyglisverðar tölur frá 1994 (Vesturlönd). Þar sést í hnotskurn, að karlmenn eru hið veika kyn. Í því efni er varla um villst. Hins vegar er heilbrigðisþjónustuneysla kvenna mun meiri og í heilbrigðiskerfinu starfa konur að miklum meirihluta.

Sjúkdómar/kvillar karla og kvenna: Samanburður og tíðni

Tegund:	Karl/ kona:
Hjartasjúkdómar	1.9 - 1.0
Krabbameinsvöxtur	1.5 - 1.0
Æðasjúkdómar	1.2 - 1.0
Slys og lemstrun	2.7 - 1.0
Langvinnir lungnasjúkdómar	2.0 - 1.0
Lungnabólga og flensa	1.8 - 1.0
Sykursýki	1.1 - 1.0
Sjálfsvíg	3.9 - 1.0
Langvinnar lifrabólgur og skorpulifur-chirrosis	2.3 - 1.0
Æðakölkun	1.3 - 1.0
Nýrnabólgur	1.5 - 1.0
Morð	2.0 - 1.0
Blóðeitrun	1.4 - 1.0
Ungbarnadauði	1.3 - 1.0
Eyðni	9.1 - 1.0

Litið um öxl til hins veika kyns, karla. (Gaman að sjá, að sumir hafi gagn og gaman að pistlinum.) Það er vafalítið svo, að um mannkina gildi í grundvallaratriðum sömu lögmál og um önnur kvikvendi jarðar. En lifnaðarhættir skipta einnig máli. Væri kynjahlutfall stríðsmanna/veiðimanna/sjómannanna meðtalið, kastaði fyrst tólfunum um ójafnvægi. Þar yrðu karlmenn í gríðarlegum meirihluta. Siðferði er einnig afar mikilvægt og tengist fyrrgreindum þætti. Frá örófi alda hefur það verið hlutverk karla að sjá um veiðar og stríðsrekstur og vernd. Enn í dag þykja það meiri tíðindi séu konur (og börn) myrt í stríði (jafnvel háð af okkur, þ.e. lýðræðisríkjum veraldar) heldur en karlar. Konur eru einfaldlega verðmætari til viðhalds stofnsins. Enn sem komið er allavega. Tölurnar að ofan endurspeglar einnig þá „hetjulund“ karla að leita sér ekki lækninga, þegar þess gæti verið þörf.